

Fréttabréf AFLs

3. tbl. 2024

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson

Kjaramál

Yfirgnæfandi stuðningur við verkfall hjá Sveitarfélaginu Hornafirði

Ótímabundið verkfall félagsfólks AFLs starfsgreinafélags, sem starfar hjá Sveitarfélaginu Hornafirði, hefst að óbreyttu klukkan 11:00 miðvikudaginn 2. október. Forsvarsmenn sveitarfélagsins fengust ekki til að ræða kröfur félagsins fyrir en atkvæðagreiðsla um verkfallsboðunina var langt komin.

Atkvæðagreiðslu um verkfallið lauk klukkan 14:30 á þriðjudag en hún stóð í viku. Verkfallið var samþykkt með miklum meirihluta. Á kjörskrá voru 124 einstaklingar, 76 þeirra eða rúm 61% greiddu atkvæði. Af þeim sögðu 85,5% já, tæp 12% nei og 2,6% skiluðu auðu.

Niðurstaðan er ánægjuleg því hún sýnir glöggð að félagsmenn okkar standa með sjálfum sér. Þeir boða til vinnustöðvunar þótt þeir hafi verið beittir óeðlilegum þrýstingi af hálfu bæjaryfirvalda. Bæjarstjóri og fleiri funduðu með starfsmönnum þar sem gert var lítið úr þeim ákvæðum sem deilan snýst um. Þar var rangt farið með tölur og algjörlega óviðkomandi þáttum blandað inn í, svo sem atriðum sem stendur til að setja í starfsmannastefnu sveitarfélagsins. Kjarasamningar og starfsmannastefna er algjörlega sitthvor hluturinn.

AFL hefur gert athugasemdir við þessa framkomu sem brýtur í bága við lög um stéttarfélög og vinnudeilur. Lögmennt Alþýðusambands Íslands skoða hvort rétt sé að kæra brotin.

Önnur sveitarfélög þora að ræða sín sérákvæði

Deilan snýst um þrjú sérákvæði í kjarasamningum við Sveitarfélagið Hornafirði. Þegar stéttarfélögin fóru sameiginlega að semja við sveitarfélögin í landinu var samþykkt að halda áfram þeim sérákvæðum sem höfðu verið á hverjum stað. Fleiri slík ákvæði eru á félagssvæði AFLs og er samið beint við hvert sveitarfélag, sé á annað borð óskað eftir breytingum á þeim, á meðan stóru kjarasamningarnir eru gerðir á milli

Starfsgreinasambandsins (SGS) og samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þar til síðasta föstudag, 20. september, hafði Sveitarfélagið Hornafirði hafnað öllum boðum AFLs um viðræður. Þess vegna dró AFL umboð sitt til baka þegar SGS skrifaði undir samninga við sveitarfélögin í byrjun júlí. Í kjölfarið bauð bæjarráð, með milligöngu Sambands íslenskra sveitarfélaga, sólarlagsákvæði sem gekk út á að starfsmenn sem hófu störf fyrir 31. mars 2024 héldu greiðslunum.

Samræðurnar fengust fyrir milligöngu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Til þessa hefur Hornafirði vísað á samninganefnd sveitarfélaga, sem ekki hefur umboð til annars en að segja nei. Önnur sveitarfélög hafa hins vegar burði og þor til að ræða sjálf sín sérmál.

AFL vonast til að viðræðurnar haldi áfram, enda er núna kominn þrýstingur á að ljúka samningum.

Kjör kvenna sérstaklega skert

Sveitarfélagið hefur gefið þær skýringar á einhliða uppsögn sinni á sérákvæðunum í lok árs 2022, að þess þyrfti vegna jafnlaunavottunar. Henni er ætlað að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

Það eru að langmestu leyti konur sem vinna á leikskólanum á Hornafirði, en starfsmenn þar hafa fengið greiðslur fyrir hlífðarfatnað sem nú hefur verið sagt upp. Annað sérákvæði snýr að því að nýta hluta af eigin rétti til veikinda til að sinna veikum börnum, sem bætist við umsaminn rétt í veikindum barna. Enn virðist það vera þannig að það lendir meira á konum að sinna veikum börnum. Sveitarfélagið Hornafirði er því samkvæmt ofangreindu að skerða kjör kvenna sérstaklega en vísar samt í jafnlaunavottunina! Þriðja ákvæðið snýr að þrífum eftir stórvíðburði í íþróttahúsinu, svo sem eftir sjómannaðag og þorablót.

Að auki heldur þessi deila öðrum samningum við sveitarfélög á félagssvæði AFLs í gíslingu. Þeir eru frágengnir og engar deilur um þá en AFL getur ekki skrifað undir fyrir en samið hefur verið við Sveitarfélagið Hornafirði.

Staða annarra kjarasamninga

Enn er ósamið við samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu en Vigdísarholt rekur hjúkrunarheimilið á Hornafirði. Deilan er hjá ríkissáttasemjara og var fundur haldinn í síðustu viku. Þar gerðist lítið en næsti fundur þó ákveðinn. Ekki var gengið frá samkomulagi á síðasta ári heldur hækkaði stofnunin launin einhliða án samnings en AFL hafði gert kröfu um breytingar á grunnlaunaröðun launa. Sú krafa stendur enn.

Í lok febrúar 2025 rennur út vinnustaðasamningur við Alcoa. Undirbúningur fyrir viðræður hefst síðar í haust. Samningar við fiskimjölsverksmiðjur verða endurskoðaðir í byrjun næsta árs.



Um 120 starfsmenn Hornafjarðar fara í ótímabundið verkfall næsta miðvikudag ef samningar takast ekki fyrir.

Sterk hreyfing - Sterkt samfélag

46. þing Alþýðusambands Íslands verður haldið 16. – 18. október nk. með yfirskriftinni „Sterk hreyfing – Sterkt samfélag.“ Þetta er vísun til þess að á Íslandi og í fjölmörgum ríkjum víða um heim – hefur verkalýðshreyfingin verið aðaldrifkraftur þess að skapa réttlátara samfélag og bæta stöðu alþýðufólks þó enn sé langt í land.

Dagskrá þingsins tekur mið af þeim málefnum sem hafa verið áberandi í umræðu síðustu mánaða og hreyfingin telur brýnt að fjalla um.

Þannig er nýting auðlinda eitt af meginmálum þingsins og verður þar fjallað um nýtingu auðlinda og þá ekki síst með náttúruvernd að leiðarljósi, en einnig um réttláta skiptingu arðs af auðlindum landsins.

Annað meginmál þingsins verður aðgangur almennings að grunnþjónustu og þá ekki síst heilbrigðisþjónustu. Fjallað verður um bætt aðgengi og að horfið verði frá þeirri

einkavæðingu heilbrigðisþjónustu sem hefur farið vaxandi.

Þriðja meginmál þingsins verður umfjöllun um fákeppni og samkeppnisbrot. Fjallað verður um hvernig samkeppni getur verið í þágu samfélags – en að sama skapi eru samþjöppun í eignarhaldi og samráð að skaða samfélög. Fjallað verður um eftirlitsstofnanir og viðurlög við samkeppnisbrotum og samráði.

Málefnavinna þingsins byggir m.a. á tveimur fundarferðum sem Alþýðusambandið hefur staðið fyrir um land allt. Fyrri umferð var farin í vor og sú síðari nú í september. Í þessum ferðum komu forystumenn Alþýðusambandsins og starfsfólk málefnaþema þess, á fundi í aðildarfélögum ASÍ og var á fundunum unnið í áherslupunktum inn í umræðu þingsins.

AFL Starfsgreinafélag á 15 fulltrúa á komandi þingi. Þar af á Starfsgreinaeild félagsins 11



Síðasta þing ASÍ var hið 45. í röðinni. AFL á 15 fulltrúa beint og sendir þann sextánda í gegnum ASÍ-UNG á þingið í næsta mánuði. Mynd: ASÍ

fulltrúa, Iðnaðarmannadeild og Verslunarmannadeild einn fulltrúa hvor og Sjómannadeild félagsins 2

fulltrúa. Auk þess verður einn fulltrúi félagsins á vegum ASÍ-UNG.

„Føroyskir fakfelagsgestir vitjaðu AFL á Reyðarfirði“

AFL Starvsmannafélagið fekk herfyri góðar gestir úr Føroyum. Gestirnir komu frá AKF (Félag Háskúlamenntaðra Starvsfólks), Føroya Handverkarafélag, Føroya Skipara- og Navigatørfélag, Føroya Tekniska Lærarafélag, Heilsuhjálparafélag Føroya, Samverk (Félag fyrri Handil og Skrifstofufólk), Leirvíkar Arbeidarafélag og Sands Arbeidarafélag. Hetta eru øll feløg, sum standa uttan fyrri Samtaks - ið er Føroya Arbeidarafélag.

Umboðsfólk hesi feløgin hava áður vitjað okkum, men ætlaða vitjanin í 2020 varð avlýst vegna Covid-farsóttina. AFL tók ímóti gestunum í fundarhølum félagsins

á Reyðarfirði og bjóðaði íslenska kjötsúpan. Eftir ynki frá gestunum varð hildin ein stutt framløga um virkseimi AFLs.

AFL Starfsgreinafélag fékk á dögnum góða gesti frá Færeyjum. Gestirnir voru frá AKF (Félag Háskúlamenntaðra Starfsmanna), Føroya Handverkarafélag, Føroya skipara- og navigatørfélag, Føroya tekniska lærarafélag, Heilsuhjálparafélag Føroya, Samverk (Félag Verslunar og skrifstofufólks), Leirvíkar Arbeidarafélag, og Sands Abeidarafélag. Þetta eru allt félög sem standa utan Samtaks - sem Alþýðusamband Færeyja.

Fulltrúar þessara féлага hafa áður heimsótt okkur en fyrirhuguð heimsókn 2020 féll niður vegna Covid faraldursins. AFL tók á móti gestunum í fundarsal félagsins á Reyðarfirði og bauð upp á íslenska kjötsúpu og að ósk gestanna var haldin stutt kynning á starfsemi AFLs.



AFL lét gera könnur í tilefni heimsóknarinnar og gaf gestunum.



Sverrir Mar Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs, kynnti starf félagsins fyrir Færeyingunum.

AFL Starfsgreinafélag óskar eftir að ráða starfsmann á starfsstöð félagsins á Hornafirði

Starfið er tímabundið til eins árs.

Starfið felst í almennum störfum hjá stéttarfélagi, svo sem afgreiðslu, símsvörum, skráningum vinnustaðaheimsóknum og fleiru.

Viðkomandi þarf að hafa hæfilega tölvukunnáttu, geta unnið sjálfstætt og hafa góða framkomu.

Vinsamlega sendið umsókn á asa@asa.is merkt „Hornafjörður“ fyrir 10. október nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hjördís Þóra, 4700 301 eða hjordis@asa.is



Vinnuslys – hvað á að gera?

Það hefur verið nokkuð um vinnuslys á félagssvæði AFLs undanfarna mánuði og því vert að rifja upp hverju launamaður eða vinnufélagar þurfa að huga að þegar slys verða á vinnustað.

Það þarf í fyrsta lagi að tryggja það að slysið sé tilkynnt til Vinnueftirlitsins og eftir atvikum lögreglu. Ef öryggis- trúnaðarmaður er á vinnustaðnum þarf viðkomandi að ganga eftir því við yfirmenn að slysið sé tilkynnt.

Ekki þarf alltaf að tilkynna slys til lögreglu en ef slys eru alvarleg og mögulega þarfnast rannsóknar getur verið rétt að gera lögreglu viðvart.

AFL Starfsgreinafélag veitir félagsmönnum fulla aðstoð í kjölfar vinnuslysa og þar með talið góða lögfræðiráðgjöf og hagsmunagæslu, þeim að sjálfsgöðu að kostnaðarlausu. Það er því mikilvægt að strax á fyrstu dögum eftir slys gefi félagsmaður félaginu og lögmanni þess umboð til að annast hagsmunagæslu fyrir sig, óski hann þess.

Lögmaður AFLs setur sig þá strax í samband við Vinnueftirlitið, viðkomandi fyrirtæki eða tryggingafélag þess og Sjúkratryggingar Íslands og fylgir síðan málinu eftir þar til það er að fullu útkljáð. Það er ferli sem getur tekið nokkuð langan tíma.

AFL og Sókn lögmannsstofa hafa á síðustu árum annast tugi vinnuslysamála fyrir félagsmenn svo það er mikil reynsla og þekking á málaflokknum innan félagsins og hjá lögmannsstofunni.

Fyrirtæki á Austurlandi hafa staðið sig vel í að tilkynna slys til Vinnueftirlitsins en þó eru alltaf einhverjar undantekningar á því. Fyrir hefur komið að afleiðingar slyss hafa komið í ljós síðar og félagsmenn leitað til okkar jafnvel mánuðum eftir að slys varð. Ef engin tilkynning er til um slysið getur eftirleikurinn orðið snúinn, sérstaklega ef ágreiningur er á milli verkstjórnanda og félagsmanns okkar um slysið og

tildrög þess. Þess vegna er mikilvægt að standa vel að málum frá fyrsta degi.

Einnig er mikilvægt að vekja athygli félagsmanna á því að leiti þeir til lögfræðistofu sjálfir og veiti henni umboð sitt hefur AFL ekki afskipti af málinu. Því hefur komið fyrir að félagsmenn leita til AFLs vegna þess að lögmennt, sem þeir fólu mál sitt í upphafi, hafa að mati viðkomandi félagsmanns ekki staðið sig sem skyldi. AFL á erfitt með að koma að slíkum málum og lögmennt AFLs hafa ekki afskipti af málum sem eru til meðferðar hjá öðrum lögmonnum.

Félagakerfið Tótal á siglingu!

- 1.000 innskráningar á mínar síður á dag

Nú eru fjögur verkalyðsfélög í innleiðingu í Félagakerfið Tótal og þrjú að hefja undirbúning. Það verða því alls 12 félög með aðgang að kerfinu eftir nokkra mánuði og síðan eru nokkur félög til viðbótar með kerfið til skoðunar.

Félagakerfið Tótal var alfarið í eigu AFLs þar til fyrir tveimur árum er stofnað var sérstakt hlutafélag um rekstur kerfisins og Hlíf í Hafnarfirði, Efling í Reykjavík, Stéttarfélag Vesturlands og Aldan Stéttarfélag á Sauðárkrók gerðust hluthafar í kerfinu.

Síðan hafa bæst í eigendahópinn Eining-Iðja á Akureyri, Rafiðnaðarsamband Íslands, VM og Matvís og að hefja innleiðingu eru Sjómannafélag Eyjafjarðar, Samstaða í Húnavatnssýslum og Verkalyðsfélag Akraness.

Alls eru nú í gagnagrunni Tótal um 308.000 launþegar, sem eru eða hafa verið félagsmenn í fyrstu 5 félögum en þar af eru tæplega 60.000 virkir félagsmenn í dag.

Á hverjum degi skrá 300 – 500 félagsmenn sig inn á mínar síður til að reka sín erindi. Það eru aðeins fyrstu 5 félögin sem eru virk í kerfinu

í dag þannig að eftir áramót má búast við að á annað þúsund einstaklingar skrái sig daglega inn á mínar síður í Tótal.

Félagakerfið Tótal er skrifað af hugbúnaðarfyrirtæki á Austurlandi, Austurnet ehf., undir verkstjórn Garðars Vals Hallfreðssonar og Sigurðar Behrend sem hafa verið með í ferlinu nánast frá upphafi. Kerfið var skrifað fyrir AFL og undir verkefnastjórn félagsins og komu allir starfsmenn þess að þarfagreiningum og verkefnalýsingum á ferlinum.

Verkefnið hófst árið 2008 með gerð sameiginlegs vinnusvæðis starfsfólks

félagans í Sharepoint umhverfi og þróaðist lítilliga áfram næstu árin en árið 2011 réðst félagið í að láta skrifa fyrir sig sjálfstætt orlofskerfi. Þetta þróaðist svo smátt og smátt þar til árið 2015 að félagið fór í að láta hanna félagakerfi með tilheyrandi hliðarkerfum.

Verkalýðsfélagið Hlíf fékk aðgang að Tótal árið 2022 og ári síðar gengu Efling, StéttVest og Aldan í hópinn.

Félagakerfið Tótal hefur nú ráðið þjónustufulltrúa sem mun sinna aðstoð við starfsmenn félaganna og aðstoða við innleiðingu nýrra félaga.

Innihaldsríkir fyrirlestrar á starfsdegi grunnskólanna

Ríflega 60 félagsmenn AFLs úr grunn- og leikskólum á félagssvæðinu mættu á árlegan starfsdag sem félagið hélt síðasta föstudag. Þótt dagurinn sé tileinkaður grunnskólastarfsfólki er leikskólastarfsfólki líka boðið. Dagurinn var að þessu sinni haldinn í Frystihúsinu á Breiðdalsvík en félagið stóð fyrir rútuferðum þangað.

Aðalfyrirlesari dagsins var Jóhanna Jóhannesdóttir, félags- og fjölskylduráðgjafi, sem fjallaði um fjölafalla- og tengslavanda barna og ungmenna. Fyrirlestur Jóhönnu var mjög innihaldsríkur og áhugaverður en hún ræddi meðal annars um hvernig sé best að nálgast börn sem glíma við afleiðingar áfalla. Steinunn Bragadóttir, hagfræðingur hjá ASÍ, var með seinni fyrirlestur dagsins en hann fjallaði um fjármálalæsi.

Dagurinn lukkaðist vel og í lok hans bauð AFL til kvöldverðar.

Hefð hefur myndast fyrir að halda starfsdaginn á sama degi og austfirskir kennarar eru með

haustþing sitt. Hvatning kom til félagsins að nýta daginn á sambærilegan hátt til endurmenntunar. Við undirbúning dagsins er leitað til félagsfólks í skólunum um hvaða

fræðslu sé helst þörf á og voru erindi dagsins valin út frá því. Félagið hefur fundið fyrir mikilli ánægju með starfsdaginn og vel er mætt á hann.



Til Breiðdalsvíkur mættu 64 félagsmenn AFLs úr austfirskum skólum og áttu góðan dag.

Að hjálpa þeim að hjálpa sér sjálfum!

Víða um heim situr fólk fast í fátækragildru og nær ekki að losa sig m.a. af því að það fær ekki sjálfsagða og eðlilega fyrirgreiðslu. Þannig hafa hundruð milljóna manna ekki aðgang að bankþjónustu, hafa aldrei átt bankareikning og eiga því ekki kost á því sem okkur finnst eðlileg fyrirgreiðsla.

Þetta getur verið af því að fólkíð kann hvorki að lesa né skrifa, því það hefur aldrei átt peninga afgang til að leggja til hliðar eða því bönkum heimalandsins finnst viðkomandi af lítill bógur til að vera viðskiptavinur bankans. Þannig er talið að um einn milljarður manna sé án bankþjónustu og það kemur í veg fyrir að fólk geti mætt áföllum í lífinu, bætt lífsskilyrði sín eða komið viðskiptahugmyndum í framkvæmd.

Þar kemur „örfjármögnun“ til aðstoðar.

Hvað er örfjármögnun?

Örfjármögnun er fjármálatæki sem miðar að því að veita smáar lánsfjárhæðir til einstaklinga eða lítilla fyrirtækja sem hafa takmarkaðan aðgang að hefðbundnum lántveitingum. Þetta fyrirkomulag

hefur reynst afar gagnlegt í þróunarlöndum, þar sem bankakerfið er oft óaðgengilegt fátækari einstaklingum. Örfjármögnun getur hjálpað einstaklingum að fjármagna viðskiptahugmyndir, bæta búskap eða fjárfesta í menntun og heilsu.

Upphaf örfjármögnunar má rekja til Bangladess á áttunda áratugnum, þegar prófessor Muhammad Yunus stofnaði Grameen bankann. Markmið hans var að hjálpa fátæku fólki, sérstaklega konum, með því að veita því smálán til að stofna smáfyrirtæki eða bæta framleiðslu. Með þessu móti gat fólkíð fjármagnað sig á sjálfbæran hátt. Þetta nýstárlega kerfi gaf fátækum einstaklingum, sem annars höfðu engan aðgang að lánsfjármagni, tækifæri til að bæta líf sitt og samfélag sitt. Fyrir þetta framlag fékk Yunus friðarverðlaun Nóbels árið 2006.

Örlán í gegnum Kiva

Kiva eru samtök sem vinna að örfjármögnun með því að tengja lántveitendur og lántakendur í gegnum netið. Kiva gerir einstaklingum kleift að lána lágur upphæðir til fólks víðs vegar um heiminn. Þetta er þannig „hópverkefni“ – því ef einstaklingur óskar eftir t.d. \$1.000 láni – þá lána



Zhumabubu, 64 ára einstæð sjö barna móðir frá Chuy í Kirgistan, fékk 750 dollara lán til að kaupa dýr og áburð til að efla búskap sinn. Mynd: KIVA

40 einstaklingar \$25 hver. Þess vegna getur tekið nokkra daga að fullfjármagna lán.

Lánin fara í verkefni sem eru ætluð til að efla sjálfbærni, draga úr fátækt og bæta efnahagslega stöðu fólks. Lántveitendur á Kiva fá ekki vaxtagreiðslur, en þeir geta fylgst með framgangi lántakenda sinna og fengið að lokum lán sitt endurgreitt.

Ísland er ekki stór markaður fyrir örfjármögnun, en íslenskir einstaklingar hafa tekið þátt í Kiva í gegnum árin. Með því að taka þátt í slíkum verkefnum stuðla Íslendingar að alþjóðlegum þróunarmálum og

styrkja efnahagslegt sjálfstæði fólks á afskekktari svæðum heimsins.

Með örfjármögnun í gegnum Kiva getur hver og einn lánað á þann hátt sem stuðlar að betri og réttlátari heimi, þar sem fólk fær tækifæri til að byggja upp bjartari framtíð fyrir sig og sína.

Örfjármögnun í 15 ár

Greinarhöfundur hefur verið þátttakandi í KIVA örfjármögnun í 15 ár og á þeim tíma tekið þátt í að lána alls 55 einstaklingum. Þessi lán hafa viðkomandi notað til að kaupa áburð, útsæði eða jafnvel nautgripi. Sumir hafa notað lánin til að greiða skólagjöld, aðrir til að bæta húsnæði sitt. Sumir sækja um lán til að kaupa saumavél eða önnur verkfæri til atvinnusköpunar.

Undirritaður hafði fyrir skömmu spurnir af erlendum lækni sem starfaði á Íslandi í nokkur ár. Viðkomandi er af fátæku fólki og átti ekki kost á framhaldsmenntun þar til að Kiva kom til skjalanna. Hann fékk lánað fyrir skólagjöldum og lauk læknanámi.

Heildarkostnaður minn af þessum lánunum er um 30.000 krónur eða um 2.000 krónur á ári. Ánægjan af því að hafa getað rétt hjálparhönd er mikil.



Mohammad Yunus, fékk friðarverðlaun Nóbels árið 2006 fyrir framlag sitt til þróunar örfjármögnunar. Mynd: Change Makers

Hvernig virkar þátttaka í örfjármögnun

- Maður skráir sig hjá t.d. Kiva – www.kiva.org
- Þar eru listar yfir einstaklinga sem leita eftir fjármögnun á láni.
- Maður velur hverjum maður vill lána og greiðir \$25 auk \$5 í stuðning við KIVA.
- Þegar nægilega margir hafa skráð sig fyrir láninu og það er fullfjármagnað sendir KIVA samstarfsaðila í viðkomandi landi lánsupphæðina.
- Samstarfsaðilinn greiðir út lánið og sér um innheimtu á endurgreiðslum. Samstarfsaðilinn tekur vexti af láninu og fjármagnar sína starfsemi þannig.
- KIVA er fjármagnað af stuðningi okkar sem lánunum – þ.e. í dag \$5 við hvert framlag.
- Lántakandinn endurgreiðir lánið og við fáum smátt og smátt endurgreitt inn á viðskiptareikning okkar hjá KIVA þar til lánið er uppgreitt. Við getum þá endurlánað upphæðina og greitt aftur \$5 í stuðning við KIVA. Okkar kostnaður við stuðninginn er ca 700 kr – en mögulega hefur einhver náð að bæta lífskjör sín verulega og við fáum lánsféð til baka.
- Þegar ég vil hætta þátttöku í þessari starfsemi fæ ég inneign mína greidda til baka.

Ótrúleg skilvæði lántakenda

Greinarhöfundur hefur tekið þátt í fjármögnun 55 lána.

Alls lánað	\$1.375	(Þetta eru sömu peningarnir lánaðir aftur og aftur)
Endurgreitt	\$1.295	
Útistandandi	\$64	
Útlánatap	\$0	
Upphæð í vanskilum	\$2	
Gengistap	1,1% (\$15,25)	

Ath. Þetta er 15 ára viðskiptasaga. Gengistapið er ekki vegna íslensku krónunnar því lánin eru veitt í dollurum. Skýringin er t.d. veiking gjaldmiðla í mið Asíu þar sem ég hef mest lánað – t.d. hefur gjaldmiðillinn í Kirgistan (SOM) veikt síðustu ár vegna verðbólgu og efnahagssamdráttar.